

# Sjálfstæðisbaráttan fyrr og nú

Eftir Ívar Jónsson

SAGAN endurtekur sig. Sumir segja hana ganga í hringi og benda á að vandamál sem áður voru leyst gleymast en fæðast að nýju í nýju formi. Í slíkum tilfellum finna menn „nýjar lausnir“ á hinum gleymdu viðfangsefnum fortíðar. Dæmi um slík mál er afstaðan til erlends valds og yfirráðaréttur Íslendinga yfir náttúruauðlindum sínum. Þjóðin barðist lengi gegn yfirráðum og ásælni Dana líkt og andstæðingar aðildar að Evrópusambandinu gera nú. Jón Þorláksson, formaður Sjálfstæðisflokksins, skrifaði um mál af þessu tagi í grein í Morgunblaðinu í lok maí 1929. Þar ver hann stefnuskrá flokksins sem þá var nýlega stofnaður. Í grein sinni fjallar Jón m.a. um þann hluta stefnuskrárinnar sem beinist að sambandslögum Íslands og Danmerkur. Jón skrifar:

„Jafnrættisákvæðið gefur Dönum aðstöðu til þess að reka fiskiveiðar úr landi hjer á svipaðan hátt og þeir ráku hjer verslun frá 1787 og fram á vora daga. Tilhögunin mundi vera eitthvað á þá leið, að lóðir, hús og mannvirki og skip væru eign einstaklinga eða fjelaga í Danmörku, og til þeirra rynni arður fyrirtækjanna þegar vel gengi. Hjer á landi mundu fyrirtækin hafa ráðsmenn, venjulega danska, og kunnáttumenn, sem flestir færu til Danmerkur aftur með eignir sínar, er þeir væru komnir á efri ár. Verkaólk og fiskimenn mundu verða jöfnum höndum beggja þjóða. Verslunin með



Ívar Jónsson

nauðsynjar og afurðir þessara fyrirtækja mundi vera í höndum eigendanna, Dana.

Það er ekki þessi tilhögun á rekstri fiskiveiða hjer við land, sem best hæfir íslenskum hagsmunum. Útgerðin er nú um það bil að komast í það horf, fyrir stuðning og atbeina fiskiveiðalöggjafarinnar m. a., að hún verði öll eign hjer búsettra

» Verslunarsagan hefir sýnt oss nægilega hvað það kostar, þegar afrakstur veigamikils atvinnuvegar rennur út úr landinu.

manna og fjelaga, svo að allur arðurinn fellur til landsins og landsmanna. Þetta er stefnumark, sem ekki má kvika frá. Verslunarsagan hefir sýnt oss nægilega hvað það kostar, þegar afrakstur veigamikils atvinnuvegar rennur út úr landinu mannsaldur eftir mannsaldur. – Vjer eigum ekki að hætta á neina endurtekningu á því. Að minsta kosti get jeg sagt það alveg ákveðið fyrir mig, að afskifti þau, sem jeg hafði af framkvæmd fiskiveiðalöggjafarinnar þau árin, sem jeg átti sæti í stjórninni, sannfærðu mig til fulls um það, að jafnrættisákvæði Sambandslaganna yrði að víkja jafnskjótt og heimilt væri.

Um það sem vjer missum, rjett ís-

lendinga til atvinnurekstrar og styrkja í Danmörku, og þátttöku Dana í landhelgisgæslunni hjer við land, þarf ekki að fjölyrða. – Hvorugt er Íslandi verulega mikils virði. Garðstyrkurinn, einu verulega þjóðingarmiklu forrjettindin, sem Íslendingar höfðu í Danmörku, er hvort sem er farinn. Danmörk er auðugt land og hefir örugt lánstraust, á því hvenær sem er tiltölulega auðvelt með að leggja fram fjármagn í ný fyrirtæki til eflingar atvinnuvega sinna. Hinsvegar á hún sem stendur við sama hörmulega þjóðarmeinið að búa, sem svo margar aðrar, að mesti fjöldi vinnufærra manna gengur atvinnulaus árum saman. Eðhilega litast þeir um eftir verkefnum handa þessum mönnum, og er aukning úthafsveiða eitt það, sem mest er um talað. Er þetta eðlilegt, þar sem þeir eru mikið vanir fiskiveiðum heiman að, og meðal duglegustu siglingaþjóða heimsins ... Íslendingar óska þess auðvitað af heilum hug, að Dönum takist að finna arðvænlega atvinnu fyrir þann mikla hóp, sem nú þjáist undir bölvun atvinnuleysisins. En það er rjett að láta það uppskátt nú þegar, að þeir mega ekki ætla sjer að byggja úrlausn þessa vandamáls síns á þeim sjerafnotum Íslands og íslenskrar landhelgi til frambúðar, sem jafnrættisákvæðið heimilar þeim um stundarsakir.“

Það er athyglisvert að með því að taka út úr textanum orðin „Danmörk“ og „Danir“ og setja inn orðin „Evrópusamband“ og „Íbúar Evrópusambandsins“ sést hversu sigild varnaðarorð fyrsta formanns Sjálfstæðisflokksins eru.

Höfundur er stjórn málafræðingur.